

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. október 2020
Tilvísun: 20201003208

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til breytinga á barnalögum, nr. 76/2003 (skipt búseta barns) – 11. mál, þskj. 11

Ríkisskattstjóri hefur þann 13. október sl. móttengið tölvupóst þar sem gefinn var kostur á því að veita umsögn um framangreint þingmál. Telur embættið tilefni til eftirfarandi athugasemda:

I.

Í 7. tölul. 30. gr. frumvarpsins er fjallað um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt (tsl.). B-liður 7. töluliðar frumvarpsins tekur til 1. mgr. A-liðar 68. gr. tsl. er snertir útreikning barnabóta og er nú svohljóðandi:

„Með hverju barni innan 18 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Framfærandi telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess í lok tekjuársins. Sá er greiddur meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi. Hjón, sem skattlögð eru skv. 62. gr., teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambúðarfolk sem uppfyllir í lok tekjuársins skilyrði 3. mgr. 62. gr. enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein. Að sama skapi teljast þeir sem halda heimili saman ásamt barni sínu framfærendur í skilningi ákvæðisins þótt skilyrði til skráningar á sambúð séu ekki uppfyllt. Við slíkar aðstæður skal ákvarða barnabætur eins og um hjón sé að ræða. Sé svo ástatt að einungis annað hjóna er skattskyldt hér á landi skv. 1. gr. skal reikna því fullar barnabætur vegna þeirra barna hjónanna sem eru heimilisföst hér á landi eftir þeim reglum sem gilda um hjón, enda liggi fyrir upplýsingar um tekjur beggja ásamt upplýsingum um barnabætur eða hliðstæðar greiðslur vegna sömu barna sem greiddar hafa verið erlendis.“ [Áhersla ríkisskattstjóra.]

Samkvæmt frumvarpinu myndu eftirfarandi tveir málsliðir bætast við framangreinda 1. mgr. 68. gr. A, svohljóðandi:

„Þegar foreldrar hafa samið um skipta búsetu barns samkvæmt ákvæðum barnalaga teljast, þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. málsl., báðir foreldrar framfærendur þess í skilningi ákvæðisins. Ákvarðast barnabætur vegna barnsins til hvors foreldris skv. 4. mgr. í samræmi við fjölskyldustöðu hvors þeirra fyrir sig í árslok og aldurs barns og takmarkast við helming af útreiknuðum barnabótum eftir að tekið hefur verið tillit til tekjuskerðingar.“

Ríkisskattstjóri vekur athygli á því að í tilvikum þar sem barn yrði með skipta búsetu hluta úr ári þá skiptir lykilmáli orðasambandið „í lok tekjuársins“ í 2. másl. tilvitnaðrar 1. mgr. 68. gr. A. Hinum nýju málsliðum er þannig ekki ætlað að leiða til frávika frá meginreglunni, um að miða skuli við stöðu framfærenda „í lok tekjuársins“, heldur einungis að undirstrika að foreldrar barns með skipta búsetu teljist báðir framfærendur í árslok þrátt fyrir skilgreininguna á því hver teljist framfærandi barns í 2. og 3. másl. 1. mgr. Þessi skilningur að miða skuli við „lok tekjuársins“ er auk heldur áréttáður í lokamálslið breytingartillögunnar, enda myndi túlkun í aðra veru um breytilegt tímamark leiða til þess að réttur til barnabóta myndi t.d. myndast hjá forsjarlausu foreldri ef foreldrar hafa slitið samkomulagi um skipta búsetu innan tekjuársins, og að sama skapi myndi rétturinn falla niður að hluta til hjá forsjarforeldri.

Þá bendir ríkisskattstjóri á að ákjósanlegt væri að skerpa á ákvæðum umrædds b-liðar 7. töluliðs 30. gr. frumvarpsins að því er varðar forsendur tekjuskerðingar, en samkvæmt frumvarpinu þá skyldi reikna barnabætur:

„Ákvarðast barnabætur vegna barnsins til hvors foreldris skv. 4. mgr. í samræmi við fjölskyldustöðu hvors þeirra fyrir sig í árslok og aldurs barns og takmarkast við helming af útreiknuðum barnabótum eftir að tekið hefur verið tillit til tekjuskerðingar.“

Ríkisskattstjóri telur að þrátt fyrir að af skýringardæmum í greinargerð með frumvarpinu megi ráða að útreikningur tekjuskerðingar skuli vera aðskilin fyrir hvort foreldri um sig og miðast við fjölskyldustöðu hvors þeirra um sig í árslok, þá komi þessi meginforsenda ekki að öllu leyti nægjanlega skýrt fram í frumvarpstextanum. Ríkisskattstjóri leggur því til að öllum vafa að þessu leyti verði eytt með því að bæta orðunum „miðað við framangreindar aðstæður hjá hvoru um sig“ aftan við hinn síðari nýju málsliðanna, þannig að hann yrði svohljóðandi:

„Ákvarðast barnabætur vegna barnsins til hvors foreldris skv. 4. mgr. í samræmi við fjölskyldustöðu hvors þeirra fyrir sig í árslok og aldurs barns og takmarkast við helming af útreiknuðum barnabótum eftir að tekið hefur verið tillit til tekjuskerðingar ..miðað við framangreindar aðstæður hjá hvoru um sig.“

II.

Í kafla 6. 2 í greinargerð er fjallað um áhrif frumvarpsins á sveitarfélög, stofnanir o.fl. Þar kemur réttilega fram að stofnanir, þ.m.t. Skatturinn, gætu þurft aðgera breytingar á tölvukerfum sínum svo unnt yrði að taka við nýjum/breyttum upplýsingum frá Þjóðskrá. Ekki er að öðru leyti fjallað um mat á kostnaði Skattsins þó tekin sé sérstök afstaða til áhrifa breytinganna á sýslumenn og sveitarfélög.

Nú fer ríkisskattstjóri, sbr. umfjöllun undir hluta I að framan, með ákvörðun barnabóta á grundvelli laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. ákvæði 7. tölul. 30. gr. frumvarpsins er varða þónokkrar breytingar á útreikningsforsendum eins og rakið hefur verið. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir breytingum á fyrirkomulagi framtalsskyldu vegna tekna og eigna barna innan 16 ára aldurs.

M.t.t. fyrirhugaðra breytinga á tsl., sbr. framangreint, áréttar ríkisskattstjóri að af frumvarpinu, ef yrði að lögum, myndu leiða miklum mun meiri breytingar á kerfum Skattsins en lúta einungis að móttöku upplýsinga frá Þjóðskrá. Móttæknar upplýsingar eru einungis forsendan fyrir

áframhaldandi vinnslu með tilheyrandi breytingum, s.s. á útfærslu reiknivéla á vef stofnunarinnar og útreikningsforritum til innri vinnslu, fyrirframgreiðslu barnabóta og útreikningi við álagningu einstaklinga, framsetningu á álagningarseðli og meðhöndlun upplýsinga í skattbreytingum. Áætlað er að kostnaður við forritunarvinnu vegna þessa yrði a.m.k. 10 milljónir kr. Þá er ótalinn sá kostnaður sem hljótast myndi af auknu flækjustigi við framkvæmd og auknu hlutfalli foreldra sem ekki myndu fá vélræna ákvörðun barnabóta. Gera má ráð fyrir því að a.m.k. til að byrja með myndu fyrirhugaðar breytingar leiða til þess að bæta þyrfti heilu stöðugildi við framkvæmd á handreikningi barnabóta. Þannig er ljóst að stofnkostnaður vegna breytinga á árinu 2021 yrði umtalsverður, en ennfremur má gera ráð fyrir því að til lengri tíma yrði árleg framkvæmd við ákvörðun barnabóta nokkuð kostnaðarsamari en nú er.

Að öðru leyti gerir ríkisskattstjóri ekki athugasemdir við ákvæði frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f. h. ríkisskattstjóra,



Helga Valborg Steinarsdóttir



Helgi Guðnason